

Bekkur: 6. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennarar: Jón Hrafn Baldvinsson, Linda Björk Ólafsdóttir, Þórhildur Kristín Bachmann

Tímafjöldi: 6 kennslustundir á viku



Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð

Námsgögn:

- Orðspor, lesbók og vinnubók
- Málrækt, vinnubók
- Skáldsögur sem nemendur velja sér
- Hlustunarefni ýmiskonar
- Skáldsagan Af hverju ég?
- Léttlestrarefni
- Ritunar-, stafsetninga- og málfræðispil/leikir og verkefni af ýmsum toga frá kennara

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf	Nemandi geti: <ul style="list-style-type: none">• tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.• tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoða leikrænnar tjáningar.• tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.• hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.• nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt.• átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.	<ul style="list-style-type: none">• Munnleg tjáning er þjálfuð með samvinnu í íslensku sem og öðrum fögum.• Framsögn er þjálfuð með áherslu á upplestur, m.a. með æfðum og óæfðum textum, ljóðum og efni frá nemendum sjálfum.• Nemendur fá tækifæri til hlustunar á fjölbreytta texta. Lögð er áhersla á að nemendur tileinka sér viðeigandi hegðun við hlustun og geti nýtt sér hlustun til að auka skilning og orðaforða.• Nemendur taka þátt í sviðsetningu verka á árshátíð og flytja texta í jólaútlarp.	<ul style="list-style-type: none">• Mat á vinnu í jólaútlarp og árshátíð.• Mat á samræðufærni í tengslum við lífsleikni.• Skráning á hvernig nemendum gengur að tileinka sér viðeigandi hegðun við hlustun í bekk.• Leiðsagnar og símat á vinnu í tímum.

Lestur og bókmenntir	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> • lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað. • notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta. • greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta. • lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann. • lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum. • greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap. • beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap. • aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga. • lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsing og túlkað þær. • valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju. 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur nýta bæði samvirkar aðferðir og einstaklings- eða paravinnu • Nemendur lesa daglega bæði heima og í skóla. • Nemendur þjálfast í hlustun og í upplestri kennara og taka þátt í umræðu um texta. • Áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og áræðni. 	<ul style="list-style-type: none"> • Símat í tímavinnu • Mat á virkni í heimalestri. • Vinna í jólaúttvarpi metin. • Mat á lesskilningi unnið með Orðarún og fleiri prófum.
Ritun	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> • skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur. • valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli á þann hátt sem hæfir tilefni. • samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa. • beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim. • lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt við eigin ritun. • skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda og skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu. 	<ul style="list-style-type: none"> • Ritun er þjálfuð daglega bæði í lengri og styttri verkefnum. • Skrift er þjálfuð markvisst sem og ritvinnslufærni sem er þjálfuð í öllum bóklegum fögum og upplýsinga- og tæknimennt. • Nemendur vinna bæði í samvirkum hópum og á stöðvum í einstaklings- eða paravinnu. • Stafsetning er þjálfuð markvisst með sóknarskriftaraðferð og innlögn frá kennara. 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur skila reglulega verkefnum yfir veturinn, bæði lengri og styttri sem nýtt eru til að námsmats.

Málfræði	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> • gert sér nokkrar grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það. • notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun. • nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál. • áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanlegt orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra. • notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta. • beitt þekkingu sinni í málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins. • beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál ekki síst eigið mál, talað og ritað. • nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta. • gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu. 	<ul style="list-style-type: none"> • Málfræði er kennd í gegnum textavinnu, bæði lestur á textum og ritun auk þess sem nemendur fá innlagnir og vinna verkefni sem tengjast ákveðnum áherslum málfræðinnar. • Lögð er áhersla á leiðréttingu máls og umræðu um orð og orðatiltæki, fjölbreytta málnotkun og rétta beitingu máls. 	<ul style="list-style-type: none"> • Færni nemenda er metin í gegnum lengri og styttri ritunarverkefni og frásagnir nemenda. • Lagðar eru fyrir stuttar kannanir um færni í ákveðnum þáttum.
Lykilhæfni sjálfstæði og samvinna	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> • geti gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það. • geti tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt. • geti gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði að efla og byggja upp sjálfsmynd sína • geti unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla. 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur fá endurgjöf tengt verkefnum og nota endurgjöfina til þess að vinna að markmiðum tengt námi. • Samstarf og hópaverkefni. 	<ul style="list-style-type: none"> • Metið í gegnum verkefnavinnu og hópastarf. Hópleikir.
Lykilhæfni ábyrgð og mat á eigin vinnu	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> • geti gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi • geti sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim. 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur fá endurgjöf tengt verkefnum og nota endurgjöfina til þess að vinna að markmiðum tengt námi. 	<ul style="list-style-type: none"> • Símat og endurgjöf í gegnum verkefnavinnu